



Leiðbeiningar um skráningu gestameðlima í norrænum félögum verkfræðinga og tæknifræðinga

1. Félagsmaður tilkynnir heimafélagi sínu að hann/hún muni stunda vinnu í öðru norrænu landi (eða öðru landi sem er aðili að samkomulaginu).
2. Heimafélagið upplýsir félagsmanninn um möguleikann á gestaaðild og hvar hann geti fundið nánari upplýsingar um félag í því landi sem hann hyggst stunda vinnu. Einnig upplýsingar er varða atvinnuleysissjóði og möguleika á skattafrádrætti vegna félagsgjalda. Með upplýsingunum fylgir tengill að innritunareyðublaði á vef heimafélagsins.
3. Félagsmaður sækir um gestaaðild gegnum heimafélag sitt.
4. Heimafélagið sendir umsóknina til gestgjafafélagsins. Ef bæði einstaklingar með B.Sc. og M.Sc. gráðu eiga aðild að heimafélaginu ætti það að geta bent umsækjandunum á “rétt” gestagjafafélag ef um er að ræða mismunandi möguleika í viðkomandi landi. Leiðbeiningar varðandi þetta atriði verða settar fram síðar.
5. Gestgjafafélagið sendir upplýsingar um að gestaaðild hafi verið samþykkt:
 - til gestameðlims – með samþykktinni fylgja venjulega aðgangsorð að heimasíðu viðkomandi félags.
 - til heimafélags – þar sem staðfest er að umsækjandinn hafi verið skráður sem gestameðlimur.
6. Í félagaskrá gestagjafafélagsins er félagsmaðurinn auðkenndur sem gestameðlimur til að koma í veg fyrir að hann verði krafinn um félagsgjöld. Samskonar merking er gerð í félagaskrá heimafélagsins.
7. Á því ári sem félagsmaður gerist gestameðlimur og tvö næstu almanaksár þar á eftir upplýsir heimafélagið gestgjafafélagið um úrsögn félagsmanns og sömuleiðis ef viðkomandi greiðir ekki félagsgjöld. Í báðum tilfellum mun gestaaðild falla úr gildi.
8. Verði breytingar á heimilisfangi og/eða netfangi ber félagsmanni að tilkynna það bæði til heimafélags síns og gestafélags.
9. Þegar þriggja ára gestaaðild er lokið sendir gestafélagið tillögu um að viðkomandi segi upp gestaaðildinni og gerist fullgildur meðlimur í viðkomandi landi og sendir síðan svar félagsmannsins til heimafélagsins. Í öllum tilvikum mun merki um gestaaðild þá verða tekið af félagsmanni bæði hjá heimafélagi og gestgjafafélagi.